

Fyrirspurn

til viðskiptaráðherra um fjárfestingar viðskiptabanka.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvert var markaðsvirði hlutafjáreignar viðskiptabankanna og dótturfyrirtækja þeirra í fyrirtækjum skráðum í Kauphöll Íslands í milljörðum króna og sem hlutfall af markaðsvirði skráðra hlutabréfa í lok árana 2000 og 2003? Hvert var markaðsvirði hlutafjáreignar viðskiptabankanna í öðrum félögum á sama tíma?
2. Hver var fjöldi fyrirtækja og dótturfélaga sem viðskiptabankarnir áttu hlut í innan lands og erlendis í lok árana 2000 og 2003?
3. Hvernig skiptist hlutafjáreignin innbyrðis milli bankanna og hverjar voru fimm verðmætustu eignirnar hjá hverjum banka um sig í lok árana 2000 og 2003?
4. Hversu hátt hlutfall af eignum bankanna var í erlendum og innlendum skuldabréfum og erlendum og innlendum hlutabréfum í lok árana 2000 og 2003?

Skriflegt svar óskast.